

# Forritun - miðstig

---

Kennarar: Helga Sigfríður Snorradóttir

| 5, 6, 7

## Markmið:

Að nemendur kynnist fyrstu skrefunum í forritun.

## Námsefni:

<https://studio.code.org/s/course2> fyrir byrjendur í forritun og <https://studio.code.org/s/course3> fyrir lengra komna.

## Kennsluaðferðir:

Sýnikennsla og bein kennsla.

Kennt er í tölvuveri skólans og fær hver hópur 9 kennslustundir (1 kennslustund á viku í 9 vikur).

Nemendur byrja á verkefnabanka 2 og vinna þau verkefni sem þar eru. Þeir sem ná að klára það halda svo áfram í verkefnabanka 3 þar sem þeir munu kafa dýpra í efni til að geta beitt sveigjanlegri lausnum á flóknari verkefni. Í lok þessa námskeiðs búa nemendur til gagnvirkar sögur og leiki sem þeir geta svo deilt með öðrum.

Lögð er áhersla á að allir vinni á sínum hraða samkvæmt getu hvers og eins. Tímaplan hér að neðan miðast við þá sem ekki hafa kynnst forritun áður, en þeir sem eru lengra komnir halda áfram í verkefnabanka 3.

- 1.kennslustund - kynning á hugtakinu forritun og hvað í því felst. Verkefni 3, Völundarhús.
- 2.kennslustund - Verkefni 4 - 6, Lykkjur
- 3.kennslustund - Verkefni 7 - 8, Lykkjur
- 4.kennslustund - Verkefni 10 - 11, Villuleit
- 5.kennslustund - Verkefni 13, Skilyrði: Býfluga
- 6.kennslustund - Verkefni 16 - Flappy
- 7.kennslustund - Verkefni 17 - Leikjasmiðja: Búa til sögu
- 8.kennslustund - Verkefni 18 - Listamaður: Innri lykkjur
- 9.kennslustund - Klukkustund kóðunar (Hour of code) - nemendur fá skírteini í lok kennslustundar.

## Námsmat:

Ekkert formlegt námsmat

### G.Í. Upplýsinga- og tæknimennt 7.bekkur - Vinnulag og vinnubrögð

- Geti sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum

### G.Í. Upplýsinga- og tæknimennt 7.bekkur - Tækni og búnaður

- Geti nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu

### G.Í. Upplýsinga- og tæknimennt 7.bekkur - Sköpun og miðlun

- Geti nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.

### Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.

## NÁMSEFNI/GÖGN

---

### Kóðun 2

Verkefnabanki

(<https://studio.code.org/s/course2>)

### Kóðun 3

Verkefnabanki

(<https://studio.code.org/s/course3>)